




LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

# Rafkerfi hjartans


## Rannsókn og brennsla






Hér á eftir fara upplýsingar fyrir þá sem eru að fara í rannsókn/brennslu á rafkerfi hjartans vegna hjartsláttartruflana. Við vonum að upplýsingarnar geti orðið að gagni og gert rannsóknina og aðgerðina sem og veru þína á spítalanum þægilegri. Ef eitthvað er óljóst eða ef frekari spurningar vakna er alltaf hægt að leita til hjúkrunarfræðinga og lækna á deildinni.

Rannsókn á rafkerfi hjartans er gerð til að afmarka og greina hjartsláttarköst og óreglulegan hjartslátt. Brennsluaðgerð er til að lækna hjartsláttarköst eða hjartsláttaróreglu með því að eyða óæskilegri virkni í hjartanu.



Sé brennt nálægt torleiðnihnútnum eru um 1-2% líkur á að skaða leiðnina. Gerist það í verulegum mæli er oft þörf á hjartagangráði.



Rannsóknin er gerð á hjartabráðingastofu og tekur tvær til þrjú klukkustundir.

## Undirbúningur

- Hætta skal að taka hjartalýf og róandi lyf 3 dögum fyrir rannsóknina í samráði við hjúkrunarfræðing og eftir fyrirmælum læknis.
- Ef þú tekur Kóvartöflur á að hætta að taka þær 5-7 dögum fyrir rannsóknina í samráði við hjúkrunarfræðing og eftir fyrirmælum læknis.
- Ef þú tekur Plavixtöflur á að hætta að taka þær 7 dögum fyrir rannsóknina í samráði við hjúkrunarfræðing og eftir fyrirmælum læknis.

## **Innskriftarmiðstöð: Undirbúningur (oftast deginum áður)**

- Nauðsynlegt er að hafa lyfjakortið með.
- Blóðprufur (blóðprufu má ekki taka úr vinstri olnbogabót).
- Röntgenmynd af lungum og hjartalínurit.
- Morgunþvag - koma með fyrsta morgunþvag að heiman (miðbuna) á innskriftarmiðstöð. Hægt er að kaupa þvagglas í apóteki.
- Raka þarf hægri nára.
- Fasta þarf frá miðnætti kvöldið fyrir rannsóknina.
- Ef gera þarf hjartaómun verður þú látin(n) vita.
- Viðtal við hjúkrunarfræðing og lækni. Þú ferð heim að loknum undirbúningi.

## **Rannsóknardagur**

- Þú mætir á hjartadeild 14G að morgni nema annað sé tekið fram.
- Þú fastar frá miðnætti, mátt hvorki drekka né borða.
- Þú þarft að fara í sturtu að morgni rannsóknardagsins eða kvöldið áður.
- Ekki taka föst morgunlyf nema annað sé ákveðið, hjartalæknir endurskoðar svo lyfin þín eftir rannsóknina.
- Æðaleggur er settur í hægri hönd/handlegg.
- Deyfandi plástur (EMLA) er settur í hægri nára og vinstri olnbogabót.

- Þú færð tvær verkjatöflur fyrir rannsóknina.
- Verðmæti þarf að skilja eftir heima eða láta geyma þau á deildinni.

## Rannsókn/brennsla á leiðslukerfi hjartans

- Þú ferð í rúmi í rannsóknina á hjartaþræðingastofu.
- Farið er inn um bláæð í hægri nára og vinstri olnbogabót.
- Sveigjanlegir rafskautsleggir eru þræddir til hjartans. Á enda þeirra eru nemar, og þannig er hægt að fylgjast með rafboðum innan hjartans.
- Þegar brenna þarf, er leggurinn hitaður í 60°-65°C og smá sár myndast sem grær fljótlega.
- Eftir rannsóknina er plastleggurinn fjarlægður. Þrýst er á stungustaðinn á eftir til að stöðva blæðingu.
- Sandpoki er settur yfir stungustaðinn í tvær klukkustundir.

## Meðferð eftir rannsókn/brennslu

- Þú mátt drekka og borða þegar þú kemur aftur á deildina.
- Þú þarft að liggja í 4 klukkustundir á bakinu, en í 6 klukkustundir ef farið er í slagæð. Þú ert tengd(ur) í hjartarafsjá (monitor) þar til daginn eftir, þegar búið er að taka hjartalínurit.
- Skipt er um umbúðir í nára og olnbogabót að kvöldi.

## Útskrift daginn eftir

- Tekið er hjartalínurit og hjartaómun gerð.
- Ráðlegt er að þú farir þér hægt þennan dag og varist að lyfta þungu fyrstu vikuna.
- Hjartasérfræðingur kynnir þér niðurstöðurnar og frekara eftirlit þegar þú útskrifast.
- Þú mátt fara í sturtu.
- Þú þarft að taka Hjartamagnýltöflur, 1 töflu (75 mg) á dag og halda því áfram þar til búíð er úr glasinu (100 töflur).
- Ef allt hefur gengið vel er óhætt að fara aftur að vinna eftir 5 daga.

## Að lokum

Við ráðleggjum þér að skrifa niður þær spurningar sem koma upp í hugann og leita svara við þeim hjá starfsfólki hjartadeildar. Þér er velkomið að hafa samband ef eitt-hvað kemur upp á eftir að heim er komið.

Símanúmer hjartadeildar er 543-6420

**GANGI ÞÉR VEL!**

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítalinn er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.



LANDSPÍTALI: LYFLÆKNINGASVIÐ I, HJARTAEILD 14G  
MAÍ 2008

HÖFUNDAR:  
SIGRÚN RAGNARSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR  
GIZUR GOTTSKÁLKSSON HJARTASÉRFRÆÐINGUR

ÁBYRGÐARMAÐUR:  
KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR DEILDARSTJÓRI

RÁÐGJÖF OG YFIRLESTUR:  
SIGURLAUG MAGNÚSDÓTTIR INNKÖLLUNARSTJÓRI  
MARGRÉT VIGFÚSDÓTTIR LÍFEINDAFRÆÐINGUR  
FANNEY SIGURÐARDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

HÖNNUN:  
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC

HÖFUNDUR LIÓSMYNDAR:  
JÖRGEN OG SIGRÚN, HLÖÐUVÍK 2007